

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1023

Dagsetning: 16. apríl 2024 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Anna Sigríður Vernharðsdóttir (ASV), Guðlaug Unnur Þorsteinsdóttir (GUP) sat fundinn undir liðum 1-9, Helgi Þorsteinsson (HP), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Svava Kristín Þorkelsdóttir (SKP) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Sigurrós Jóhannsdóttir, leiðtogi sálfræðipjónustu barna, sat fundinn undir lið 3. Anna Bryndís Blöndal, formaður undirbúningshóps fyrir Fræðadag HH 2024, sat fundinn undir lið 4. A. Þór Þórsson mannauðsráðgjafi sat fundinn undir liðum 6-9. Hanna Lind Garðarsdóttir og Rósa Eiríksdóttir mannauðsráðgjafar sátu fundinn undir lið 9.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 9. apríl 2024 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

3. Námskeið fyrir unglinga

Sigurrós Jóhannsdóttir, leiðtogi sálfræðipjónustu barna, kom á fundinn og kynnti hugmyndir um að halda regluleg námskeið fyrir unglinga með andlega vanlíðan og foreldra á Geðheilsumiðstöð barna. Sálfræðingar af heilsugæslustöðvum HH munu kenna námskeiðin. Framkvæmdastjórn tók vel í tillöguna en ræða þarf hvernig kostnaður við námskeiðið verður greiddur.

4. Fræðadagur HH

Anna Bryndís Blöndal, formaður undirbúningshóps fyrir Fræðadag HH 2024, kom á fundinn til að kynna drög að skipulagi fyrir daginn.

5. Bólusetningavika

Rætt var um alþjóðlegt átak til að vekja athygli á árangri af bólusetningum sem embætti landlæknis vinnur að. Boðað verður til viðburðar þegar fyrsta veggspjaldið verður hengt upp í Heilsugæslunni Efra-Breiðholti 24. apríl nk.

6. Samgöngustyrkur

A. Þór Þórsson mannauðsráðgjafi kom á fundinn og kynnti drög að verklagsreglum um samgöngustyrk. Framkvæmdastjórn tók vel í drögin og óskaði eftir kynningu á næsta svæðisstjórafundi.

7. Heilsustyrkur

A. Þór Þórsson mannauðsráðgjafi kom á fundinn til að ræða heilsustyrk. Starfsfólk hefur kallað eftir því að fá að nýta styrkinn til kaupa á búnaði, sem myndi þýða að greiða þyrfti skatt af styrknum. Framkvæmdastjórn benti á að þessi leið sé ekki í boði á öðrum stofnunum og að HH sé að fara að taka upp samgöngustyrk sem komi að einhverju leyti til móts við þennan hóp. Ákveðið var að breyta ekki reglum HH um heilsustyrk.

8. Árshátíð HH

A. Þór Þórsson mannauðsráðgjafi kom á fundinn til að ræða hvernig til tókst með árshátíð HH og leggja fyrstu drög að árshátíð næsta árs.

9. Fræðslumál

Hanna Lind Garðarsdóttir og A. Þór Þórsson mannauðsráðgjafar komu á fundinn til að ræða stjórnendafræðslu í haust. Búið er að ræða við nokkur fyrirtæki sem geta tekið að sér fræðslu og fara yfir með rýnihópi stjórnenda. Rósa Eiríksdóttir mannauðsráðgjafi kom á fundinn og kynnti stöðu á undirbúningi fyrir fræðslu fyrir ritara HH.

10. Starfsmannamál

Umræður um ýmis starfsmannamál. Framkvæmdastjórn ákvað að leiðtogi félagsráðgjafa muni framvegis heyra undir framkvæmdastjóra lækninga í stað framkvæmdastjóra hjúkrunar.

11. Stjórnun á Upplýsingamiðstöð

Upplýst var um að búið er að breyta skipuriti Upplýsingamiðstöðvar þannig að stjórnandi hennar hefur nú fengið starfsheitið svæðisstjóri.

Aðgerðir og verkefni

- Vinna þarf nánari útfærslu að námskeiði fyrir unglunga með andlega vanlíðan, sjá lið 3.
Ábyrgð: GUP
- Undirbúa þarf viðburð í Heilsugæslunni Efra-Breiðholti með embætti landlæknis, sjá lið 5.
Ábyrgð: NSK
- Kynna þarf drög að samgöngustyrk á fundi svæðisstjóra, sjá lið 6.
Ábyrgð: SKP
- Vinna þarf áfram að undirbúningi að stjórnendafræðslu og fræðslu fyrir ritara, sjá lið 9.
Ábyrgð: SKP
- Breyta þarf starfi leiðtoga félagsráðgjafa þannig að það heyri framvegis undir framkvæmdastjóra lækninga, sjá lið 10.
Ábyrgð: NSK og SKP

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11:50.